

Eldisstöðin Íspór hf.
Sverrir Valdimarsson / Johnny Indergård
Nesbraut 25
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 22. nóvember 2022
UST202202-387/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit þann 19.10.2022 – fiskeldi Eldisstöðin Íspór ehf. í Þorlákshöfn

Þann 19. október sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Eldisstöðvarinnar Íspórs ehf. í Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

1. senda skal á Umhverfisstofnun uppfærðan lista yfir olúgeyma á starfssvæðinu,
2. senda skal á Umhverfisstofnun uppfærðar áætlanir sem liggja skulu fyrir í stöðinni,
3. senda skal á Umhverfisstofnun umsögn / samþykki heilbrigðisnefndar fyrir fyrirkomulagi útrásar og
4. herða skal á mælingum í inntaki eldisvatns og í útrás frárennslis til samræmis við kröfur í eftirliti.

Öllum eldri frávikum hefur verið lokað en þrjú ný frávik fundust í eftirlitinu. Ársyfirliti stöðvarinnar vegna 2021 og grænu bókhaldi vegna ársins 2021 var skilað of seint en hefur nú verið skilað og er þeim frávikum lokað.

Útstreymisbókhald vegna ársins 2021 hefur enn ekki borist. Það er opið frávik frá kröfum starfsleyfis.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18. desember 2022.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur